

Nd.

41. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Mosfellshreppur í Kjósarsýslu skulu vera eitt læknishjerað, sem nefnist Kjalarnesshjerað, með læknissetri á Kjalarnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hjeraðsbúa í tilgreindum hreppum, og fyrir eindregnar og itrekaðar bænir þeirra til Alþingis um að láta eigi lengur dragast að bæta úr læknispörf þeirra. Að öðru leyti eru ástæður þessa máls hinu háa Alþingi kunnar. Að eins skal enn minst á það, sem áður hefir verið bent á í flutningi málsins á þingi, að eftir læknaskipunarlögunum 13. okt. 1899 höfðu þessir hreppar sjerstakan lækni, en voru sviftir honum með lögum 16. nóv. 1907, og hafa sjerstaklega Kjósar- og Kjalarnesingar mótmælt þeirri meðferð frá upphafi. Nú er þeim ætlað að vitja lækni til Hafnarfjarðar, sem má heita sama sem þeir hafi engan lækni,

Til mála kemur varla annað fyrir þá en að vitja lækni³ til Reykjavíkur, þótt það einnig sje erfitt og kostnaðarsamt, því að þar er enginn læknir skyldur til að sinna þeim, og þá ekki bundinn við taxa, sem búast má við að geri læknisvitjunina dýrari. Til samanburðar skal tekið fram, að íbúatala í þessum hreppum var eftir manntali árið 1910 sem næst 950, og eru mörg hin núverandi lækniðjæruð hjer á landi að mun mannfærri.

Frækari ástæður geymast flutningi málsins.